

Reglugjörð

um framkvæmd laga nr. 10, 8. september 1915 og bráðabirgðalaga, um viðauka við þau lög, 30. desember 1915.

Samkvæmt lögum nr. 10, 8. september 1915, um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum, og bráðabirgðalögum 30. desember 1915, um viðauka við þau lög, er eftirfarandi reglugjörð sett til framkvæmdar laganna.

1. gr.

Nefndin hefir fult vald til að ákveða hámark söluverðs um land alt á innlendri og útlendri nauðsynjavöru, svo og hverri þeirri vöru, er ástæða þykir til. Nefndin ákveður sjálf, hvað sje nauðsynjavara.

2. gr.

Til þess að geta ákveðið sanngjarnt verðlag, hefir nefndin vald til þess að heimta upplýsingar bæði frá opinberum stofnunum, embættis- og sýslunarmönnum, svo og einstökum mönnum, um útsöuverð vöru á hverjum stað, og um öll þau atriði, sem geta haft þýðing í þessu lefni. Ennfremur hefir nefndin heimild til að krefjast upplýsinga um vörumagn á hverjum stað, í hverju hlutfalli það standi við venjulegar birgðar, og hve það muni endast eftir fyrri ára reynslu.

3. gr.

Nú álitur nefndin að fengnum upplýsingum og eftir sjerstaklega að hafa leitað álits og umsagnar seljanda ef henni þykir við þurfa, að verðlag á einhverri nauðsynjavöru sje of hátt á einhverjum stað, og skal hún þá ákveða hámark útsöluverðs, en auðvitað er öllum heimilt að selja vöruna ódýrara verði.

Fáist eigi þær upplýsingar, sem nefndin hefir heimtað, eða komi þær ekki í tæka tíð, ákveður hún verðið eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja.

4. gr.

Um aðra vöru en nauðsynjavöru tekur nefndin enga ákvörðun, nema henni hafi borist kæra frá nafngreindum manni um að hún sje of hátt seld á einhverjum stað. Nefndin leitar þá álits og umsagnar á þann hátt, sem fyr um getur, og allra nauðsynlegra upplýsinga og ákveður síðan hvort ástæða sje til að ákveða nýtt verðlag eða ekki.

5. gr.

137

30. des.

Verðlag það, sem þannig er ákveðið, stendur þangað til því er breytt af nefndinni, annaðhvort af sjálfsdáðum eða að fengnum nýjum upplýsingum frá seljendum eða öðrum. Svo fellur það og úr gildi, jafnskjótt sem nefndin hættir að starfa.

6. gr.

Nú er seljandi eða kærandi óánægður með það verðlag, sem nefndin hefir sett, og má þá áfrýja ákvörðun nefndarinnar til stjórnarráðsins, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið.

7. gr.

Þá er nefndin hefir ákveðið verðlag á einhverri vörutegund, tilkynnir stjórnarráðið það hlutaðeigandi lögreglustjóra, er aftur birtir það almenningi á þann hátt, er tíðkast á hverjum stað að birta opinberar auglýsingar. Ákvörðun um verðlag gildir frá þeim degi, er hún er birt á hverjum stað.

8. gr.

Brot gegn 3.—5. gr. í reglugjörð þessari varða sektum frá 50—2000 kr. og skulu mál út af slíkum brotum rekin sem almenn lögreglumál.

Auk þess má búast við, að stjórnin noti heimild þá, er henni er veitt með 3. gr. laga nr. 7, 21. ágúst 1915 til að taka eignarnámi vöru þá, er seld er dýrara en nefndin hefir ákveðið.

9. gr.

Verði ágreiningur um skilning á reglugjörð þessari, sker stjórnarráðið úr honum.

10. gr.

Nefndin hefir starfa þenna með höndum þangað til stjórnarráðið afturkallar umboð það og vald, sem nefndinni er falið samkvæmt þessari reglugjörð.

Reglugjörð þessi öðlast gildi nú þegar, og þar með er feld úr gildi reglugjörð 15. okt. 1914 um framkvæmd bráðabirgðalaga nr. 15, 5. okt. 1914.

Í stjórnarráði Íslands, 30. desember 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson,